

Innsendar athugasemdir og svör við þeim.

Skipulagsstofnun

- Gera þarf breytingu á deiliskipulagi Flæða þar sem deiliskipulagssvæði mega ekki skarast
 - Búið að laga

Vegagerðin

- Sýna þarf gönguleiðir yfir innkeyrslur
 - Búið að laga
- Reitur á móti verkstæði nyrst í bænum gæti tengst inn á Þverbrekku. Með því er tengingum við Ólafsfjarðarveg 82 (Múlaveg) fækkað á mjög erfiðum punkti.
 - Samþykkt, búið að laga.
- Gott er að sýna með rauðum þríhyrningi þá staði sem bakkað er út á götu.
 - Samþykkt, búið að laga.
- Æskilegt er að hafa vasa á þjóðveginum þar sem strætóstopp eru fyrirhuguð. Sýna má með punktalínunum hvernig koma má fyrir vösum fyrir strætó síðar.
 - Rými var tekið frá fyrir vasa þar sem þeir eru mögulega fyrirhugaðir. Á næstu stigum hönnunar verður nákvæm útfærsla skoðuð nánar.
- Rétt er að afmarka strætóstopp frá bílastæðum við tún (austan Aðalgötu 25)
 - Ekki hefur verið ákveðin nákvæm staðsetning stoppistöðvar á þessum stað. Vísað á næstu stig hönnunar.
- Æskilegt er að setja miðeyju á annarri gönguþverun þegar komið er inn í þéttbýlið að vestan.
 - Samþykkt, búið að laga.
- Æskilegt er að bæta inn gönguþverun á milli kirkjugarðs og bílastæða austan við veg.
 - Samþykkt, búið að laga.
- Athuga þarf hvort rétt er að lækka hraða niður í 30 km/klst. á stuttum kafla þar sem helstu gönguleiðir skólabarna þvera þjóðveg.
 - Ákveðið var að festa ekki hámarkshraða í deiliskipulaginu en með hraðatakmarkandi aðgerðum í skipulaginu er gert ráð fyrir að skiltaður hámarkshraði frá gatnamótum Tjarnarstíg og norður að gatnamótum Strandgötu geti verið 30 km/klst.
- Veghelgunarsvæði vantar á uppdrátt F
 - Búið að laga.

Ómerkt athugasemd

- Óskað eftir gangbraut milli kirkjugarðs og bílastæða við ípróttamiðstöð.
 - Samþykkt, búið að laga.

Arnar Þór Stefánsson

- Það hefði verið mjög gott að hafa málsetningar á teikningunum. Þ.m.t. radíus á miðlínu vega til að hægt sé að átta sig á þörfinni fyrir breikkun á beygjum.

- Of ítarlegt að hafa slíkar málsetningar á teikningum. Þörfin fyrir breikkun í beygjum er vísað á næstu stig hönnunar.
- Það væri virkilega nytsamlegt að hafa aðra útgáfu af uppdráttum þar sem flákar eru hálfgegnisær svo hægt sé að sjá kanta dagsins í dag undir.
 - Verður skoðað í næstu verkefnum.
- Bílastæði eru alltaf mjög mikið atriði fyrir íbúa, það væri eðlilegt að fram kæmi hversu margir fólksbílar komast fyrir á bílastæðum.
 - Samþykkt, búið að laga.
- Skipulagsmörkin og lóðamörkin ættu að falla saman þar sem það er hægt.
 - Búið að laga.
- Er virkilega þörf á að hafa veghelgunarsvæði í þéttbýli svo stórt? Er þetta eitthvað sem hefur verið rætt við Vegagerðina.
 - Vegalög nr.80/2007 kveða á um 30m veghelgunarsvæði frá miðlínu stofnvega og gerir Vegagerðin þá kröfu að veghelgunarsvæði sé merk inn á skipulagsuppdrætti.
- Frá Aðalgötu 37 og að Aðalgötu 15 er gert ráð fyrir bílastæðum nánast samfleytt á tæplega 400m kafla. Þarna gætu lagt þröngt í kringum 40 bílar, en í dag eru sára fáir sem leggja þarna, hvort sem það er leyfilegt eða ekki. Það er ekki verið að fækka stæðum annarsstaðar á svæðinu svo það er ólíklegt að það sé að fara að breytast. Ef markmiðið er að reyna að draga úr umferðahraða, væri eðlilegt að meta þörfina fyrir þessi stæði og heldur reyna að fjölga eyjum á milli bílastæða og annars auka grænt svæði milli hjólastíga og akbrautar.
 - Ákveðið var að sýna þetta óbreytt á deiliskipulag en á næstu stigum hönnunar þarf að skoða betur þörfina á bílastæðum á þessu svæði.
- Að hækka hámarkshraða í verkefni sem á að auka umferðaröryggi er mjög furðulegt. Hönnunarleiðbeiningar vega í þéttbýli opna fyrir 600m kafla sem er með lægri hraða en 40. Það er nánast akkúart frá hraðamörkum 50 í vestri og að Kjörbúð. Það er engin spurnin að þessi mörk ættu að vera 30km/klst. 30km hönnunarhraði leyfir áhrifaríkari aðgerðir til að halda hraða niðri, eykur öryggi umtalsvert, og dregur mjög úr hljóðmengun um ca. 5dB.
 - Ákveðið var að festa ekki hámarkshraða í deiliskipulaginu en með hraðatakmarkandi aðgerðum í hönnuninni er gert ráð fyrir að skilnaður hámarkshraði frá gatnamótum Tjarnarstíg og norður að gatnamótum Strandgötu geti verið 30 km/klst.
- Það var nefnt að sérstök lýsing yrði við gangbrautir. Á vegum með litla umferð og byggð meðfram götu er alltaf líklegt að fólk gangi yfir götu þar sem ekki er gangbraut. Þar sem gangbrautir eru yfirlýstar verður þetta fólk sjálfkrafa undirlýst. Þetta er því lausn sem hentar sennilega ekki hér, jöfn lýsing væri betri.
 - Vísað á næstu stig hönnunar.
- Bílastæði eru of nálægt gangbraut við gatnamót Ægisgötu/Aðalgötu.
 - Vísað á næstu stig hönnunar. Líkt og kemur fram í greinargerð þarf að skoða þessi vegamót töluvert nánar á seinni stigum, m.a. vegna hugsanlegrar jarðgangagerðar og aukinnar umferðar inn í Ólafsfjörð vegna hennar.
- Hönnunin er sumstaðar fyrir utan skipulagsmörk.
 - Á sumum stöðum nær hönnunin út fyrir skipulagsmörk, aðallega við gatnamót og innkeyrslur til að gefa betri sýn á mögulegar tengingar við næsta nágrenni skipulagsins.

- Með tilliti til reksturs og viðhalds er það mun betra að sleppa dropum á hliðargötum og þrengja heldur innkeyrslurnar tilsvarendi.
 - Vísað á næstu stig hönnunar. Líkt og kemur fram í greinargerð verða nánari útfærslur á gatnamótum skoðaðar á næstu stigum, t.d. hvort æskilegt er að setja yfirkeyranlega dropa/miðeyjur í hliðargötur
- Eðlilegt væri að skoða möguleika á að hafa götuna upphækkaða á svæði frá Kjörbúð að Tjarnarborg til að búa til almennilega miðbæjargötu til að undirstrika fyrir gegnumstreymistraffík að ekið sé í gegnum bæinn á forsendum bæjarbúa.
 - Vísað á næstu stig hönnunar.
- Við gatnamótin að Hornbrekku er g.r.f. göngubverun sunnan við gatnamótin, sem tengist ekki í neitt. Á veturnum er þverað yfir götuna norðan við gatnamótin til að fara frá gönguskíðabraut á fótboltavelli og yfir á braut við Flæðar. Eðlilegt væri að reyna að samræma þetta, og svona gönguskíðabverun væri mjög flott til að ýta undir sérstöðu svæðisins.
 - Samþykkt, búið að laga.
- Bensinstöð við Ægisgötu 2a er nú þegar með aðkomu frá Bylgjubýggð. Þarf að vera hægt að keyra inn frá Ægisgötu?
 - Þetta var ekki skoðað sérstaklega í deiliskipulagsvinnunni.
- Við bæjarmörk í norðri er g.r.f. að hjólastígur þveri götu og haldi áfram að áningarstað vestan við Ólafsfjarðarveg. Hefur því verið velt upp hvoru megin við götuna væri heppilegast að halda áfram með þennan stíg upp að Múlagöngum? Ef það er ekki búið að koma því á framfæri væri mjög gott að nýta tækifærið nú sem verið er að skipta út ræsi á veginum sem er stærsti og lang dýrasti flöskuhálsinn.
 - Ákveðið var að hafa stíginn austan megin Ólafsfjarðarvegar fram að áningarstað, aðallega vegna mikils landhalla vestan megin vegar. Tenging við Múlagöng var ekki skoðuð sérstaklega en slíkan stíg ætti að vera lítið mál að aðlaga skipulaginu, hvoru megin sem hugsanlegur stígur verður.
- Það er mjög sniðugt að taka 2-3 morgna í að fylgjast með því hvernig börn ganga um svæðið til skóla til að sannreyna hvort þveranir séu rétt staðsettar, þetta þarf ekki að taka meira en max klukkutíma. Einnig má hreinlega leggja könnun fyrir börnin. Þetta bæði virkar vel og sýnir íbúum að verið sé að taka þessi mál fyrir.
 - Góð ábending, ekki gert í þessu verkefni.